

Fornleifarannsókn á rúst í landi Rimakots í Rangárvallasýslu eystri



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Júlí 2013

NV nr. 15-13

Inngangur

Þann 3. júlí 2013 gerði Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur á Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn á lítilli rúst í landi Rimakots í Rangárþingi eystra. Rannsóknin var gerð að beiðni Landsnets að kröfu Minjavarðar Suðurlands sem hafði vikuni áður skoðað umræddar minjar og óskað eftir því að frekari rannsókn yrði gerð á umræddri rúst. Þessi rúst verður fyrir skemmdum vegna langningu sæstrengs til Vestmannaeyja. Minjavörður óskaði þess að athugað yrði hvort að eldri minjar leyndust undir rústinni auk þess sem kanna átti hvaða tilgangi þessi rúst hafði þjónað. Skurðurinn var tekin eftir fyrirmælum minjavarðar. Skurðurinn náði frá miðri rúst og út fyrir rústina. Rannsóknarleyfi var gefið út 26. júní og fékk númerið 2013-58.

Aðferðafræði

Við rannsóknina var beitt *single context* uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við *single context* uppgraftrartækni byggir á því að hver mannvistareining er fjarlægð í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Öllum jarðlögum er gefið númer sem sett eru í hornklofa [xx]. Mælt er með Trimble pro uppmælingartæi, hnit eru íslensku hnitakerfi (isnet).

Skurður

Vestan við hinn nýlagða veg sem liggur frá spennistöð við hlið bæjarhóls Rimakots, er lítil tóft, um 6 m á lengd í NV-SA og um 4 m á breidd (hnit: A441716 N340613). Könnunarskurður var grafin í umrædda tóft en hún var áður mæld in með Trimble pro uppmælingartækjum.

Skurðurinn var einn metri á breidd og þrjú metrar á lengd. Torf var fjarlægt með gröfu en skurðurinn síðan grafin í plani.

Einingaskrá

[101] Grasnót 10 cm á þykkt.

[102] Undir grasnót var þunnt lag að áfoknum sandi.

[103] Þétt torfkennt áfokslag, rauð-svart og mjög sendið.

[104] Torfveggur. Rauðleitt torf. Ekkert grjótt í veggnum. Veggurinn hefur hrunið út.

[105] Rauðleitt sendið lag sem nær og fellur upp að vegg en er ekki inn í rúst. Hugsanlega gjóska sem hefur fokið að veggnum.

[106] Gólflag. Gráleitt lag frekar feitt, dýraskítur svo ekki var um villst sökum lyktar.

[107] Sandur sem gólfið hefur myndast á.

[108] Óhreyft þykkt áfokslag, mjög sendið.

Niðurstöður

Ljóst var við rannsóknina að um er að ræða aðhald fyrir búfénað. Aldrei hefur verið þak á þessari rúst. Þetta sást á áfoknum sandi sem var í og á milli allra laga, greinilegt að sandfok er töluvert á þessu svæði. Ekki var um viltst að þetta hefur verið aðhald fyrir dýr. Líklega er það ekki mjög gamalt því en mátti finna lykt af sauðataði af gólfluginu. Líklegt er að þetta aðhald hafi verið í notkun samhliða búskap á Rimakoti jafnvel síðar. Rimakot fór í eyði árið 1919. Eftir að komið var niður á óhreyft var gerð lítil könnunarhola til að athuga með þekkjanleg gjóskulög eins og K 1500 eða landnámslag. Katla 1500 fannst á 120 cm undir óhreifðu og því ljóst að rústin hefur verið í notkun löngu eftir að það lag féll og styður þá kenningu að þetta aðhald sé frá því Rimakot var í byggð. Umrædd rúst er því að öllum líkindum aðhald fyrir sauðfé sem aldrei hefur verið þak á og líkega verið í notkun á fyrrihluta 20. aldar.

Gripir

Tveir naglar fundust við rannsóknina annar heill og hinn brotin í tvo parta.



Mynd 1. Sandlag undir tofi



Mynd 2. Torfveggur rústarinar